

## Reglur um mætingaskyldu og próf við Námsbraut í sjúkraþjálfun

### Reglur um mætingaskyldu nemenda við Námsbraut í sjúkraþjálfun

1. Ætlast er til að nemandi mæti í alla verklega tíma, vinnusmiðjur og tíma sem merktir eru námsmat.
2. Verklegir tímar, vinnusmiðjur og námsmatstímar skulu merktir sem slíkir í kennsluáætlun námskeiðs.
3. Geti nemandi ekki mætt í tíma sem skyldumæting er í, ber honum að tilkynna það tímanlega til umsjónarkennara. Nemandi skal skila læknisvottorði þegar það á við eða þess óskað skv. fyrirmælum HÍ.
4. Ef nemandi sleppir meira en 15% af mætingarskyldu eða þremur kennslustundum á einum degi án lögmætrar ástæðu missir hann próftökurétt. Nemandi getur óskað eftir að fá að vinna upp þá tíma sem hann missir af vegna veikinda eða áfalla í náinni fjölskyldu. Kennari í samráði við umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs ákveður með hvaða hætti það skal gert.
5. Ef nemandi mætir ekki vegna veikinda eða lögmætrar ástæðu í skyldumætingartíma sem merktir eru námsmat, gefst honum kostur á að fara í gegnum námsmatsþáttinn á sjúkrapróftíma eða í samráði við umsjónarkennara. Ef fjarvist í tíma sem merktur er námsmat rúmast ekki innan lögmætrar ástæðu þá fær nemandi einkunnina „núll“ fyrir námsmatsþáttinn. Ef þessi námsmatsþáttur er það stór að nemandi verði að ná honum, þá skráir nemandi sig í endurtökupróf.
6. Mætingaskylda í klínísku námi er 100%. Ef nemandi þarf að sækja þjónustu heilbrigðisstarfsmanna (t.d. sjúkraþjálfara, sálfræðings, læknis, tannlæknis) á meðan tímabili stendur, þarf að sækja um undanþágu á mætingaskyldu til verkefnisstjóra klíníks náms. Það sama gildir ef nemandi á fund hjá námsráðgjafa. Sé nemandi fjarverandi vegna veikinda ber honum að tilkynna fjarveru til klíníks kennara og ef veikindi vara lengur en þrjú daga samfelld skal hafa samband við verkefnisstjóra klíníks náms. Nemandi þarf að vinna upp veikindadaga í samráði við klínískan kennara og verkefnisstjóra klíníks náms. Nemandi getur sótt um undanþágu vegna kistulagningar og jarðarfara nákominna. Hámarksundanþága er einn dagur á tímabili 1 en tveir dagar á tímabili 2-4. Ónýttur réttur til undanþágu færist ekki á milli klínískra tímabila. Ef nemandi verður uppvís af því að misnota þessa undanþágu, varðar það falli á klínísku tímabili
7. Beiðni um undanþágu frá þessum reglum t.d. vegna langvarandi veikinda skal vísa til námsbrautarstjórnarfundar

## Reglur um próftöku og mat á prófum við Námsbraut í sjúkraþjálfun

1. Almenn próf í Háskóla Íslands eru haldin 2. – 16. desember og á tímabilinu 25. apríl – 10. maí eftir nánari ákvörðunum deilda í samráði við prófstjóra. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum, samkvæmt ákvörðun prófstjóra (Reglur fyrir Háskóla Íslands Nr. 569/2009, 56. gr.).
2. Sjúkrapróf eru haldin í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra (Reglur fyrir Háskóla Íslands Nr. 569/2009, 56. gr.).
3. Endurtökupróf við Námsbraut í sjúkraþjálfun eru haldin í júní (skv. kennsluáætlanir HÍ).
4. Ef nemandi hyggst ekki taka próf sem hann er skráður í þarf hann að skrá sig úr prófi rafrænt eða skriflega til nemendaskrár háskólans eigi síðar en 1. október vegna prófa á haustmíssi, 1. febrúar vegna prófa á vormíssi og eigi síðar en sólarhring eftir birtingu próftöflu sjúkraprófa. Berist ekki úrsögn fyrir tilskilinn frest telst stúdent hafa staðfest skráningu sína í próf í viðkomandi námskeiði (Reglur fyrir Háskóla Íslands Nr. 569/2009, 57. gr.).
5. Mæti nemandi ekki í próf sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll, er það skráð sem fall.
6. Nemandi hefur ekki rétt á að flytjast á næsta ár nema hann hafi lokið öllum prófum frá fyrra ári eða til komi sérstakur námssamningur.
7. Nemandi hefur rétt á að ljúka námi í Sjúkraþjálfunarfræðum til BS gráðu á fjórum árum og í Sjúkraþjálfun til MS gráðu á þremur árum.
8. Öll próf á vegum prófaskrifstofu skulu tekin undir nemendanúmeri/prófnúmeri.
9. Lengd prófa skal vera í samræmi við einingarfjölda og vægi þess í lokaeinkunn. Að jafnaði skal þriggja tíma próf ekki hafa minna vægi en sem samsvarar sex ECTS en í styttri prófum skal áætla um tvær ECTS á hverja klukkustund í prófi. Próf skal þó aldrei vera styttra en ein klst. eða lengra en þrjár klst.
10. Ef reikna þarf inn í lokaeinkunn verkleg próf, verkefni eða önnur hlutapróf sem tekin eru undir nafni fær kennari afhentan nemendanúmeralykil hjá verkefnisstjóra á skrifstofu. Eftir að lokaeinkunn hefur verið reiknuð skilar hann nemendanúmeralyklinum til baka til verkefnisstjóra.
11. Komi fleiri en einn kennari að prófi og einkunnagjöf í námskeiði skal umsjónarkennari námskeiðs ganga frá lokaeinkunn í námskeiði í Canvas og tryggja færslu lokaeinkunnar inn í Uglu undir nemendanúmerum.
12. Þar sem heildareinkunn í námskeiði byggir á mörgum námsmatshlutum má krefjast lágmarkseinkunnar úr hverjum námsmatshluta fyrir sig en slíkt skal skýrt tekið fram í upphafi námskeiðs í kennsluáætlun. Í námskeiðum sem gilda 10 ECTS eða meira má krefjast lágmarkseinkunnar úr námsmatshluta sem gildir 20% af lokaeinkunn eða meira. Í námskeiðum sem gilda átta ECTS eða minna má krefjast lágmarkseinkunnar úr námsmatshluta sem gildir 25% af lokaeinkunn eða meira.
13. Falli nemandi í einum hluta prófs í margþættu prófi þar sem krafist er lágmarkseinkunnar í hverjum hluta (sbr. 6. lið) er nemandi heimilt að taka endurtökupróf einungis í þeim hluta sem hann féll í. Ef nemandi ætlar að nýta sér þann rétt skal hann tilkynna það á skrifstofu námsbrautar og til umsjónakennara viðkomandi námskeiðs og skrá sig í endurtökupróf hjá nemendaskrá.
14. Falli nemandi tvisvar sinnum á sama prófi hefur hann fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi náms. Við sérstakar aðstæður getur nemandi sótt um undanþágu frá þessari reglu til námsbrautarstjórnar. Slík undanþágubeiðni þarf að berast fyrir lok júní mánaðar og verður tekin

til afgreiðslu á fundi Námsbrautarstjórnar í ágúst. Í kjölfar samþykktar á slíkri beiðni ber að gera sérstakan námssamning .

15. Falli nemandi úr námi hefur hann rétt til að fara aftur í inntökupróf næst þegar það verður haldið.
16. Nemendur geta sótt um að fá námskeið eða hluta úr námskeiði metið ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) að nám sem meta á sé jafn viðamikið í einingum og innihaldið náí yfir a.m.k. 80% af því námsefni sem það á að koma í staðinn fyrir; b) að ekki sé lengri tími að jafnaði en fjögur ár frá því að nám sem meta á var lokið; c) að einkunn fyrir námið sem meta á sé ekki lægri en 6,5. Senda skal skriflega umsókn til umsjónarkennara námskeiðs og kennslustjóra með ítarlegum upplýsingum um námið sem meta á, staðfestingu á einkunn og hvenær því var lokið. Endanlega afgreiðsla fer fram á Námsbrautarstjórnarfundi. Þetta ákvæði á við bæði um námskeið sem tekin voru í öðru námi og ef nemandi kemur aftur inn í námsbraut í sjúkraþjálfun eftir að hafa fallið úr því námi.

Október 2022

Stjórn Námsbrautar í sjúkraþjálfun